

Hafnarfjarðarbær

b.t. Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri/skipulags og byggngarfulltrúi.

Tjarnarvellir 5 og 7.

Fannborg fasteignafélag ehf. hefur fengið vilyrði fyrir lóðum við Tjarnarvelli 5 og 7. Fyrirvari var gerður af hálfu félagsins um nýtingu lóðanna. Hér að neðan eru hugmyndir um hvernig félagið hyggst nýta lóðirnar. Óskað er eftir staðfestingu bæjarins á því að þessar hugmyndir geti náð fram að ganga.

Viðskiptahugmyndin gengur út á að byggja á þessum lóðum eins litlar íbúðir eins og mögulegt er samkvæmt byggingarreglugerð, ca. 35 fm + geymslu. Það er grundvallaratriði að íbúðirnar verði samþykktar til þess að fá fjármögnun á verkefnið. Frumdrög af íbúðum fylgir með erindinu.

Hugmyndin er að þarna verði byggð 2 hús sem verða 4 hæða og L laga og að í hvoru húsi verði allt að 90 – 100 íbúðir ásamt atvinnuhúsnæði á jarðhæð að hluta. Endanlega útfærsla húsana verður í samráði við byggingaryfirvöld hjá Hafnarfjarðarbæ.


Í öðru húsinu verða íbúðir sem verða seldar og eða leigðar út. (stærðir íbúða óákveðin) Eftirspurn eftir litlum og ódýrum íbúðum er mikil. Í hinu húsinu er ætlunin að hafa íbúðarhótel þar sem íbúðin er leigð til ferðamanna með bíl á hagstæðu verði. Þetta er algjör nýjung hér á landi og þekkist varla erlendis. Verð á bílaleigubílum og hótélherbergjum er mjög hátt á Íslandi og þá sérstaklega yfir sumarmánuðina sem gerir hótelið mjög samkeppnishæft þar sem verið er að bjóða heildarþakka fyrir ferðamenn. Hótelið yrði mjög vel staðsett miðað við þetta viðskiptamótel þar sem það þjónar bæði sem flugvallarhótel og borgarhótel þar sem bíll fylgir með.

Reykjavík 27. janúar 2015.



Kristján Sverrisson

Fannborg fasteignafélag ehf.
Dalshrauni 5
220 Hafnarfjörður



Title/Name, designation, material, dimension etc		Article No./Reference	
Checked by	Approved by – date	Filename	Dimensions Millimetres
Drawn by Alexander Týr Kristjánsson		Scale 1:250	
Project Name T.JARNARVELLIR 7		REV B	Sheet: 1 of 1